

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 1. áfanga, vegna Rauðhelli 13. Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits um 925 fm. Jafnframt breytist nýtingarhlutfall sem verður 0,5 fyrir einnar hæðar hús og allt að 0,6 fyrir tveggja hæða hús. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur vegna Dvergholts 11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur vegna Dvergholts 11. Breytingin felst í því að skilmálum vegna Dvergholts 11 er breytt þannig að heimilt verður að hafa tvær íbúðir. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. maí 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 21. maí 2025